

Verkefnið BALL – Be Active through Lifelong Learning

Virk með ævinámi

Kynning á verkefninu og fyrstu niðurstöðum þess fyrir félagsmálaráðherra, Eygló Harðardóttur
25. mars, 2015

Það er okkur sönn ánægja að geta kynnt fyrstu niðurstöður þessa mikilvæga verkefnis fyrir félagsmálaráðherra. Kærar þakkir fyrir að gefa okkur tækifæri til þess.

Verkefnið BALL er tveggja ára evrópskt samstarfsverkefni styrkt af Erasmus+ áætlun ESB og unnið í samstarfi Íslands, Póllands og Spánar. Ísland veitir verkefninu forystu og er verkefnisstjórn á ábyrgð þekkingar- og frumkvöðlafyrirtækisins Evris. Fagleg vinna er í höndum samtakanna U3A Reykjavík og systursamtaka þeirra (U3A) í Lublin og Alicante. Markmið verkefnisins er að rannsaka stöðu undirbúnings að þriðja æviskeiðinu og starfslokum í samstarfslöndunum og þróa ráðgefandi leiðbeiningar um það hvernig best megi vinna að slíkum undirbúningi með námskeiðum og einstaklingsráðgjöf. Markhópur verkefnisins eru allir þeir aðilar, fyrirtæki, menntastofnanir, stéttarfélög, opinberir aðilar sem þurfa og vilja bjóða undirbúning að þeim breytingum sem óhjákvæmilega verða í lífi hvers og eins þegar aldur færist yfir með það að markmiði að gera þriðja æviskeiðið virkt, ánægjulegt og árangursríkt. Í verkefninu höfum við skilgreint aldurshópinn 50-70 ára, (baby boomers) sem markhóp fyrir slíkan undirbúning að þriðja æviskeiðinu.

Sífelld stærri hluti fólks í iðnvæddum ríkjum er lengur á eftirlaunaaldri en áður. Auknar lífslíkur munu leiða til stöðugrar aukningar í fjölda fólks á þriðja æviskeiði sínu og eftirlaunaaldri.. Af þeirri þróun leiðir að afar mikilvægt verður fyrir samfélag framtíðarinnar að tryggja þessum stóra hópi borgara bestu möguleg lífsgæði og sjá til þess að mikilvæg þekking þerra og reynsla verði aðgengileg og nýtist yngri kynslóðum og samfélaginu í heild. Þetta eru meginforsendur BALL-verkefnisins, sem beinist að því að auðvelda leiðina að starfslokum með því að skipuleggja slíkar fyrirsjáanlegar breytingar með góðum fyrirvara, sem er forsenda þess að geta átt ánægjulegt og ríkt líf á þriðja æviskeiðinu.

Fyrsta verkþætti BALL er nú lokið. Þar var unnin vönduð kortlagningarvinna í öllum samstarfslöndunum til að varpa ljósi á stöðu mála á þessu sviði. Síðan voru niðurstöðurnar bornar saman og sett í evrópskt samhengi. U3A Reykjavík bar ábyrgð á þessum verkþætti og naut aðstoðar Evris við þá vinnu. Niðurstöðurnar eru tíundaðar í fjórum skýrslum. Þrjár þeirra lýsa stöðunni í samstarfslöndunum þremur og sú fjórða er samanburðarskýrsla sem gefur



Erasmus+



heildstæða mynd af niðurstöðunum. Allar skýrslurnar ásamt upplýsingum um verkefnið er að finna á vefsíðu verkefnisins www.ball-project.eu.

Næsti verkþáttur BALL er svo að hefjast með könnun meðal einstaklinga í samstarfslöndunum á viðhorfum þeirra og væntingum til starfsloka og þriðja æviskeiðsins. Könnuninni verður hleypt af stokkunum hérlandis á komandi dögum. Stefnt er að því að kynna niðurstöður hennar í byrjun sumars.

Það er von okkar að ráðherra geti nýtt sér þær niðurstöður sem kynntar eru í þessum skýrslum og að þær komi að gagni við þá vinnu sem nauðsynleg er til þess að samfélagið geti búið þegnum sínum ánægjulegt þriðja æviskeið. Ennfremur er það óhemju mikilvægt fyrir hagvöxt og velferð samfélagsins til framtíðar að hinn mikli mannauður sem býr í þessum sístækkandi hópi nýtist og glattist ekki. Við viljum sérstaklega benda á niðurstöður íslensku kortlagningarinnar, sem unnin var í samstarfi við bakhjarla verkefnisins sem eru Bandalag háskólamanna (BHM), Starfsmannasvið Háskóla Íslands, Landsvirkjun, Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (STRV). Viðtöl voru tekin við fjölda sérfræðinga sem komið hafa að slíkum undirbúningi. Sérstaklega fylgir hér með samantekt á hugarflugsfundum sem gefur góða mynd af framtíðarsýn þátttakenda. Segja má að framtíðin verði að bera í skauti sér aukna vitund um mikilvægi þessa æviskeiðs. Undirbúningur verði að hefjast fyrr en nú, beinast að þörfum einstaklingsins með hvatningu til umhugsunar um eigin stöðu, vera viðbúinn breytingum og líta á þær sem tækifæri en ekki útskúfun og böll. Virkjun hugans er lykill að ánægju og árangri og hvetur til nýrra dæða.

Samstarfsaðilarnir á Íslandi eru

U3A Reykjavík, The University of the Third Age (Háskóli þriðja æviskeiðsins) eru samtök fólks sem er hætt á vinnumarkaði eða er farið að huga að starfslokum. U3A Reykjavík er hluti af alþjóðlegri hreyfingu U3A, en slík samtök eru starfrækt í 30-40 löndum um heim allan. Þau fyrstu voru stofnuð fyrir rúmum 40 árum í Frakklandi. Starf U3A byggir á því að læra svo lengi sem lifir, með námskeiðum, fyrirlestrum, kynnisferðum og hópastarfi um viðfangsefni sem henta áhugasviði þeirra sem þar taka þátt. Engin skilyrði eru fyrir þátttöku og engin próf tekin. Markmiðið er að fræðast í góðum félagsskap, rækta áhugamál, eignast fleiri og mynda ný tengsl innanlands og utan.

Evris er þekkingar- og frumkvöðlafyrirtæki á sviði alþjóðlegrar samvinnu og býður upp á samstarf og ráðgjöf vegna styrkumsókna í alþjóðlega samkeppnissjóði á borð við Horizon 2020, Erasmus+, Nordplus og COSME. Evris aðstoðar stofnanir, samtök, fyrirtæki og einstaklinga við undirbúning styrkumsókna, verkefnaþróun, verkefnastjórnun og leit að samstarfsaðilum.

